

Markmið

Að nemendur geti nýtt sér eigin sköpun, þroskað og þróað hæfni sína í myndmennt og öðlist tækifæri til að tjá sig án orða. Lögð er áhersla á að efla ímyndunarafl og skapandi hugsun nemenda.

Kennsluaðferðir/vinnulag

Myndmennt er kennd í 12-14 nemenda hópum í 2x2 kennslustundum á viku hluta af skólaárinu.

Námsmat

Námsmat byggir á vinnu í tímum og úrlausn úr þeim myndmenntaverkefnum sem lögð eru fyrir og tengjast hæfniviðmiðum aðalnámskrár. Einnig vinna nemendur eitt heimaverkefni sem byggist á að finna og lýsa tveimur útilistaverkum og skila til kennara.

Námsgögn

Námsgögn eru ýmsar bækur ásamt veraldarvef og fjölbreytt tæki og tól sem eru notuð í myndmenntakennslu.